

Aðalfundur Hörpu tónlistar – og ráðstefnuhúss ohf.

Haldinn miðvikudaginn 24. apríl 2024 og hófst kl. 15:00 í Kaldalóni.

Mætt voru:

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir - stjórnarformaður Hörpu
Svanhildur Konráðsdóttir – forstjóri Hörpu
Gunnar Sturluson – stjórnarmaður Hörpu
Jón Sigurgeirsson – stjórnarmaður Hörpu
Ebba Schram – borgarlögmaður
Halldóra Káradóttir – fjármálastjóri Reykjavíkurborgar
Styrkár Jafet Hendriksson – sérfræðingur fjármála- og efnahagsráðuneyti

Starfsfólk Hörpu:

Andri Guðmundsson
Alexis Örn Garcia
Ása Briem
Ása Berglind Hjálmarsdóttir
Ásta Ólafsdóttir
Berglind Ólafsdóttir
Egill Hermannsson
Grímur Þór Vilhjálmsson
Hildur Ottesen
Hrafnhildur Svansdóttir
Jóda Elín Valgerður Margrétardóttir
Jón Gretar Jónsson
Lilja Dröfn Gylfadóttir
Rúnar Freyr Júlíusson
Sunna Benediktsdóttir
Vignir Hreinsson
Þórunn Einarsdóttir
Hulda Kristín Magnúsdóttir

1. Fundur settur

Formaður stjórnar setti fundinn og bauð gesti velkomna.

2. Fundarstjórn og fundarritun

Formaður lagði til að Ebba Schram borgarlögmaður tæki að sér fundarstjórn og Hulda Kristín Magnúsdóttir starfsmaður Hörpu ritaði fundargerð. Samþykkt.

3. Könnun á lögmati fundar

Til fundarins var boðað í samræmi við lög og samþykktir félagsins hinn 10. apríl 2024 með tölvuskeyti til hluthafa og með auglýsingu sem birtist 9. apríl 2024 í Morgunblaðinu og á heimasíðu Hörpu. Af hálfu hluthafa mætti Styrkár Jafet

Hendriksson með umboð frá fjármála- og efnahagsráðherra sem fer með eignarhlut ríkissjóðs (54%) og Halldóra Káradóttir með umboð frá borgarstjóra sem fer með eignarhlut Reykjavíkurborgar (46%). Fundarstjóri kallar eftir athugasemdum við boðun, dagskrá fundarins eða þær tillögur sem liggja fyrir fundinum. Engar athugasemdir komu fram og lýsti fundarstjóri fundinn vera boðaðan í samræmi við lög og samþykktir félagsins og því vera lögmætan. Gengið er til dagskrár.

4. Ávarp stjórnarformanns

Stjórnarformaður, Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, flutti skýrslu stjórnar um starfsemi Hörpu á síðastliðnu ári.

5. Skýrsla forstjóra og ársreikningur 2023

Forstjóri Hörpu, Svanhildur Konráðsdóttir, kynnti og gerði grein fyrir niðurstöðum endurskoðaðs ársreiknings og helstu skýringum auk þess að fara yfir starfsemi félagsins og árs- og sjálfbærnisráðgjafarýrslu Hörpu 2023.

6. Endurskoðaður ársreikningur lagður fram til samþykktar

Ársreikningur, sem stjórn hafði samþykkt og undirritað, var lagður fram og borinn upp til samþykktar hluthafa og var hann samþykktur.

7. Ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.

Stjórn leggur til að afkoma ársins yfirfærast til næsta árs og að ekki verði greiddur arður. Tillagan var samþykkt.

8. Kosning stjórnar

Fyrir fundinum lágu tillögur annars vegar um að eftirfarandi fimm aðilar yrðu kjörnir í stjórn félagsins ásamt tveimur varamönnum og hins vegar að Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir yrði kjörin formaður stjórnar.

Tillögurnar voru samþykktar og er stjórn þannig skipuð:

- Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, formaður
- Árni Geir Pálsson
- Gunnar Sturluson
- Hrönn Greipisdóttir
- Jón Þorvarður Sigurgeirsson

Varamenn:

- Emilía Ottesen
- Arnfríður Sólrún Valdimarsdóttir

9. Tilnefning í endurskoðunarnefnd

Stjórn félagsins leggur til að Hjörleifur Pálsson, stjórnarmaður, fyrrverandi fjármálastjóri og endurskoðandi, verði kjörinn óháður aðili í endurskoðunarnefnd félagsins.

10. Kosning endurskoðanda

Ríkisendurskoðun fer með endurskoðun reikninga félagsins í samræmi við c- lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, sbr. og 21. gr. samþykktá fyrir félagið.

11. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.

Lagt er til að þóknun fyrir setu í stjórn hækki um 5 %. Tillagan var samþykkt.

12. Starfskjarastefna félagsins

Starfskjarastefna Hörpu var undirrituð af stjórn 30. ágúst 2023. Stjórn leggur til að hún verði samþykkt óbreytt. Tillagan var samþykkt.

13. Önnur mál

Engin önnur mál og fundurinn fól fundarstjóra og fundarritara að ganga frá fundargerð aðalfundarins til birtingar á heimasíðu félagsins.

Fundi slitið kl. 15:45.

Ebba Schram, fundarstjóri

Hulda Kristín Magnúsdóttir, fundarritari